



Flórulyklar: Greiningarbók íslenskra háplantna eftir Ágúst H. Bjarnason

Starri Heiðmarsson

Þekking á náttúrunni er grundvöllur skynsamlegrar nýtingar hennar en þessutan hefur slík þekkingaröflun gildi í sjálfu sér að margra mati. Íslensk náttúra er fjölbreytt og í senn fábreytt, allt eftir því hvað lagt er til grundvallar matinu, og þekking okkar á henni er nokkuð brotakennd. Háplöntur mega teljast vel þekktar á Íslandi og möguleikar almennings á að kynna sér háplöntuflóru landsins allgóðir með hjálp ýmissa plöntubóka sem gefnar hafa verið út á umliðnum áratugum. Skort hefur þó á að mögulegt sé að greina háplöntur með íslenskum greiningarlyklum og í raun hefur engin greiningarbók, yfir allar þekktar háplöntur á Íslandi, komið út síðan *Flóra Íslands* eftir Stefán Stefánsson kom út. Þriðja útgáfa hennar var gefin út 1948 hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og vann þriggja manna ritnefnd að henni. Ætlunin var að fleiri útgáfur kæmu út af Flórunni, og má til dæmis lesa í skýrslu stjórnar Náttúrufræðifélagsins fyrir árið 1982¹ að undirbúningi fyrir 4. útgáfuna hafi verið framhaldið og klykkt út með því að bókin ætti að vera nánast tilbúin að ári liðnu.


Það er síðan ekki fyrr en nú, árið 2026, að aftur kemur út rit þar sem gerð er grein fyrir öllum háplöntum sem taldar eru finnast á landinu og aðgreiningu þeirra með hjálp greiningarlykla. *Flórulyklar* eftir Ágúst H. Bjarnason er stórvirki í litlu broti. Í ritinu er að finna greiningarlykla að öllum, eða allavega nánast öllum, háplöntum sem finna má á Íslandi. Fyrst eru almennir lykklar sem færa greinandann frá hinu almenna til þess einstaka og leiða þeir síðan áfram að rétttri ættkvísl, ætt eða tegund í tíu höfuðlyklum sem greina milli ólíkra hópa háplantna. Höfuðlyklarnir eru gagnorðir og hnitmiðaðir og að teknu tilliti til óhjákvæmilegs flækjustigs, þegar greina þarf á milli lítt skyldra tegunda, þægilegir afnota. Vissulega þurfa notendur að tileinka sér hugtök og iðorðaförða sem ekki er öllum tamur en í upphafi bókar skýrir Ágúst hugtök og orð





*Cardamine
bellidifolia*

Jöklaklukka.



*Betula
nana*

*Betula
pubescens*

Munurinn á blöðum fjalldrapa (t.v.) og birkis.

með skýrum hætti og notar óspart einfaldar skýringarmyndir (nokkur dæmi úr Flórulyklunum fylgja með og sýna jöklaklukku, muninn á fjalldrapa og birki og einfalda mynd af blómskipunum) sem fanga aðalatriði þess sem um er rætt. Upphafskaflar bókarinnar fjalla einnig um nafngiftir og reglur tengdar þeim auk greinargóðs yfirlits um uppbyggingu greiningarlykla.

Meginefni Flórulyklanna eru lyklar að einstökum tegundum en að auki er tegundunum sjálfum lýst í knöppu en hnitmiðuðu máli, og líka minnst á útbreiðslu þeirra. Í Flórulyklunum eru fjölmargar ræktaðar tegundir og slæðingar teknar með og því ættu flestar háplöntur sem finnast á landinu að vera greinanlegar með aðstoð bókarinnar, að því gefnu að viðkomandi planta sé á réttu þroskastigi. Gott efnisyfirlit er í lokin þar sem bæði hægt er að leita eftir íslensku heiti tegundar og fræðiheiti hennar. Með útgáfu bókarinnar fá lyklar hennar rýni notenda og mun reynslan segja til um hvort endurbóta verði þörf í síðari útgáfum.

Flórulyklar er þörf bók og með útgáfu hennar batna möguleikar okkar til að skrásetja flóru landsins og ekki síður til að kortleggja þær breytingar sem standa yfir vegna aukins aðflutnings tegunda og loftslagsbreytinga. Bókin er handhæg og fer vel í vasa og er því auðveld að grípa með þegar íslenskrar náttúru er notið. Ágústi tekst að koma gríðarmiklum upplýsingum fyrir á 383 blaðsíðum og þrátt fyrir að hægt sé að finna örfáar villur eru þær fæstar alvarlegar. Sumar villur eru til marks um að Ágúst hefur verið að uppfæra ritið fram á síðustu stundu. Þannig er lykill að skarfakáli, sem af eru tvær tegundir á landinu, með tegundirnar *Cochlearia officinalis* og *Cochlearia groenlandica*. Skarfakálstegundirnar tvær sem Ágúst gerir grein fyrir eru hinsvegar *Cochlearia groenlandica*, fjallaskarfakál, og *Cochlearia islandica*, skarfakál, en tegundatilvist og aðgreining innan skarfakáls á Íslandi hefur einmitt verið í deiglu undanfarin misseri. Reyndar

var þegar í Flóru Stefáns gerð grein fyrir breytileika innan tegundarinnar og er þar getið þriggja ólíkra afbrigða.

Stöku sinnum gætir misræmis. Ekki er til dæmis alltaf getið tegunda í stafrófsröð innan ættkvíslar, sem meðal annars á við um tegundir af lónajurtum (*Ruppia*-ættkvíslin). Ennfremur er getið um friðlýsingu sumra tegunda í lýsingu þeirra en ekki annarra. Heildarlisti yfir friðlýstar háplöntur er hinsvegar í lok bókar.

Íslensk heiti tegunda eru mörg í föstum skorðum núorðið og byggja á Flóru Stefáns að stórum hluta, en fyrir tíma Stefáns voru margar tegundir án íslenskra heita. Í gegnum tíðina hafa ýmsar nýjar tegundir verið reyndar í ræktun hérlendis, eða borist eftir öðrum leiðum til landsins, og slæðast þá sumar útfyrir ræktunina. Stöðugt er reynt að finna nýjum tegundum íslensk heiti og hefur Ágúst átt sinn þátt í því. eru nokkur dæmi um ný íslensk heiti í Flórulyklunum. Ágúst leggur ennfremur til breytingar á íslenskum heitum tegunda af ættkvíslinni *Juncus* sem kölluð hafa verið sef á íslensku, nema hvað hrossanál og náskyldar tegundir bera nalarheiti. Framtíðin sker úr um hvort tillaga Ágústs, að endingunni -sef verði skipt út fyrir -nál hjá tegundum *Juncus*-ættkvíslarinnar, nær fram að ganga. Þannig yrði móasef, *Juncus trifidus*, hér eftir kölluð móanál.

Fleiri uppskipti ættkvísla verða Ágústi tilefni til að leggja til ný ættkvíslaheiti og þótt vissulega megi hafa skilning á löngun manna til að láta íslensk heiti endurspeglar þróunarsögu og flokkunarfræði tegundanna, þá er erfitt að fylgja slíku eftir. Vert er að benda á að við flokkunarfræðingar eigum sumir feril varðaðan lítt ígrunduðum uppskiptingum ættkvísla og þótt við teljum okkur vera að höndla sannleikann byggt á sameindafræðilegum aðferðum, þá verða seint öll kurl komin til grafar. Slíkar breytingar kalla einnig á breytingar á mörgum heitum sem eru almenningi

töm og allir þekktja, þ.e. sé ætlunin að byggja kerfi íslenskra heita upp á rökréttan hátt sem visindaleg heiti væru.

Sem dæmi um fleiri nýjungar hvað varðar íslensk heiti má nefna *Micranthes*, sem nýlega var skipt út frá steinbrjótum, *Saxifraga*, og leggur Ágúst til að *Micranthes* kallist steinbúar. Tegundir ættkvíslarinnar beri þannig íslensku heitin hreistursteinbúi (*M. foliolosa*), snæsteinbúi (*M. nivalis*), stjörnusteinhúi (*M. stellaris*) og dvergsteinbúi (*M. tenuis*). Einnig leggur Ágúst til heitið fjallanari (*Cherleria biflora*) í stað fjallnóru því að nýverið var ættkvíslin *Minuartia* tekin til gagngerrar endurskoðunar og í kjölfarið tilheyra íslenskar nóror annaðhvort *Cherleria* eða *Subulina*. Megnið af íslensku tegundunum reyndust tilheyra *Subulina*-ættkvíslinni.

Óhætt er að mæla með *Flórulyklum* Ágústs. Mögulega verða bækur af þessu tagi úreltar innan skamms af því að smáforrit með gagnvirkni leysi verkefnið með fljótari og einfaldari hætti. Sem bókaunnandi hyggst ég þó njóta bókarinnar sem verður förunautur minn í vettvangsvinnu sumarsins og á eftir að koma að góðum notum.

Óvönnum eru greiningarlyklar og fræðiorðaútskýringar sjaldan skemmtilestur en þeim sem komast yfir byrjunarþröskuldinn er óhætt að lofa ríkari uppifun af göngum og veru í íslenskrum náttúru.


HEIMILDIR

1. Kristján Sæmundsson 1984. Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifélag fyrir 1982. Náttúrufræðingurinn 53(1-2). 83-89.

UM HÖFUND

Starri Heiðmarsson (f. 1969) lauk BS-prófi í líffræði við Háskóla Íslands árið 1992, licentiat-prófi við grasafræðideild Uppsalaháskóla 1999 og doktorsprófi frá sama skóla í flokkunarfræðilegri grasafræði með fléttur sem sérsvið árið 2000. Starri starfaði sem sérfræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands 2000-2022 og hefur frá 2022 verið forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra.

starri@nnv.is



Mynd 8 - Blómskipanir

Yfirlit yfir helstu gerðir blómskipana.